

**Mál nr. 271/2013**  
**(M) og**  
**Vátryggingafélag (V-1) v. (A) og**  
**Vátryggingafélag (V-2) v. (B)**

**Fjölðaárekstur 16 bifreiða á Hafnarfjarðarvegi þ. 6.3.2013. Ágreiningur um hvort (B) hafi valdið skemmdum á (A) við áreksturinn.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 15.8.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-
2. Bréf V-1 dags. 30.8.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-4
3. Bréf V-2 dags. 9.9.2013.

**Málsatvik.**

Fjölðaárekstur 16 bifreiða varð á Hafnarfjarðarvegi við Kópavogslæk í aftakaveðri. Rannsóknarvinna var takmörkuð á vettvangi og V-1 heldur því fram að A hafi orðið fyrir tjóni í árekstrinum en enginn sé talinn hafa valdið tjóninu á A en leiðir ákveðin rök að því að B hafi ekið á A í umrætt sinn. Ökumaður A, heldur því fram að bifreið að Toyota Hilux gerð B hafi klesst aftan á A. Í lögregluskýrslu segir ökumaður A að ekið hafi verið aftan á A og A hafi kastast á milli bifreiða og endað langt frá þeim stað þar sem ekið var á hann. Í skýrslu þess sem rannsakaði málið af hálfu lögreglu segir að ekið hafi verið aftan á A og A kastast á milli nokkurra bifreiða og endað á tilgreindri bifreið en ekki liggi ljóst fyrir hvaða bifreið hafi ekið aftan á A. Fram kemur í gögnum málsins að einhver aki aftan á A og í sári sé brot úr Toyota Hilux bifreið. Í ítarlegu bréfi V-1 dags. 30.8.2013 telur félagið að Toyota Hilux bifreiðin beri sök á á öllu tjóni A. Ökumaður B segist hafa fengið jeppa aftan á sig og þá hafi bifreið sín snúist og lent á vinstra framhorni á svörtum amerískum jeppa og síðan þegar B hafði stöðvað hafi Fiat bifreið ekið í hægri hlið B.

**Álit.**

Aftakaveður var þegar fjölðaáreksturinn varð. Af hálfu M er því haldið fram að B hafi valdið tjóni á A. Af framburði aðila í lögregluskýrslum er ekkert sem bendir til þess að ökumenn hafi talið að árekstur hafi orðið milli A og B á árekstrarstað, en taka verður fram að þeir ökumenn sem lentu í árekstrinum áttu erfitt með að átta sig nákvæmlega á aðstæðum vegna aðstæðna. Þá er ekkert í gögnum málsins sem tekur af tvímæli um það að B hafi valdið því tjóni sem A varð fyrir í umrætt sinn. Af öllum gögnum virtum er því ekki sannað að B hafi valdið því tjóni sem A varð fyrir í umrætt sinn.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V-2

Reykjavík 1.10.2013.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.